

Kjölur lífeyrissjóður
Ársreikningur 2008

Kjölur lífeyrissjóður
Hafnarstræti 5
155 Reykjavík

Kt. 430269-6079

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins

Kjölur lífeyrissjóður er samtrygginarsjóður. Á árinu 2008 sameinuðust fimm lífeyrissjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður Mjólkursamsólnunnar, Eftirlaunasjóður Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóður Flugvirkja, Lífeyrissjóður starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I í einn sjóð sem fékk nafnið Kjölur lífeyrissjóður. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og viðhafðar voru árin áður.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 553 millj. kr., sem er 16,4% hækkun frá fyrra ári. Á árinu fengu 798 sjóðfélagar greiddan lífeyri.

Engir starfsmenn voru hjá sjóðnum á árinu 2008. NBI hf. annaðist rekstur hans og er framkvæmdarstjóri sjóðsins starfsmaður bankans.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.005 millj. kr. í árslok 2008. Á árinu lækkaði hún um 2.119 millj. kr. eða um 20,9%. Hrein raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs neikvæð um 27,7%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 12.345 millj. kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 8.576 millj. kr. eða 30,5% lægri fjárhæð en skuldbindingar sjóðsins.

Ef meira en 15% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga eftir tryggingafræðilega úttekt er lífeyrissjóði skylt samkvæmt lögum nr. 129/1997 að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum til þess að rétta stöðu sjóðsins. Fyrirsjáanlegt er að umsjónaraðili sjóðsins muni leggja fram tillögur að réttindaskerðingu á ársfundi sjóðsins.

Árið 2008 var mjög erfitt fyrir Kjöl lífeyrissjóð eins og aðra innlenda og erlenda lífeyrissjóði. Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunar og veik staða íslenskra fyrirtækja á árinu hafði afar neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins.

Sjóðurinn er með samning við NBI hf. um eignastýringu og rekstur hans. NBI hf. nýtti sér verðbréfasjóði Landsvaka við eignastýringu sjóðsins. Stærstur hluti eigna sjóðsins var í verðbréfasjóðunum sem fjárfestu í dreifðu safni innlendra og erlendra verðbréfa. Þetta fyrirkomulag hafði verið við lýði í mörg ár og reynt vel, bæði hvað varðar ávöxtun, áhættudreifingu og hagræði í rekstri

Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunnar og samþykki Alþingis á neyðarlögunum í október 2008 hafði mjög neikvæð áhrif á eignir verðbréfasjóða Landsvaka og þar með eignir lífeyrissjóðsins. Á einni viku urðu flest skuldabréf íslenskra fyrirtækja og banka verðlaus. Innlánnum var veittur forgangur í skuldaröð umfram skuldabréf banka með neyðarlögunum og stór hluti íslenskra fyrirtækja varð "tæknilega" gjaldþrota vegna versnandi skuldastöðu í kjölfar hruns krónunnar.

Dræma ávöxtun sjóðsins má rekja til verðfalls á skuldabréfum íslenskra banka og fyrirtækja og þá sérstaklega skuldabréfa Kaupþings Banka hf., sem var í ársbyrjun stærsti útgefandi skuldabréfa á Íslandi á eftir Íbúðalánasjóði og íslenska ríkinu. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum var óveruleg og sjóðurinn var ekki með neina áhættu af opnum gjaldmiðlasamningum við hrúnið í október 2008.

Um áramót hefur sjóðurinn fært öll verðbréf Landsbanka Íslands hf., Kaupþings Banka hf. og Glitnis hf. niður um 100%, að undanskildum verðbréfum þeirra með ríkisábyrgð. Samtals hafa skuldabréf útgefin af fyrirtækjum verið færð niður um 53,5%. Í ljósi versnandi efnahagsumhverfis ríkir ennþá óvissa um þá eign sem eftir er í skuldabréfum fyrirtækja. Engin óvissa ríkir um gjaldmiðlasamninga sjóðsins eða hugsanlega skuldajöfnun við skilaneindir gömlu bankanna.


Skýrsla stjórnar, frh.:

Stærstur hluti eigna sjóðsins er nú fjárfestur í tryggðum innlánnum ríkisbankanna og skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Með erindisbréfi dagsettu 17. mars 2009 og með vísan í 46. gr laga nr. 129/1997 skipaði fjármálaráðherra undirritaðan sem umsjónaraðila fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands til 1. júlí 2009 að fenginni tillögu frá Fjármálaeftirlitinu. Umsjónaraðili tók við öllum réttindum og skyldum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, sem viku frá störfum samhliða því. Á sama tíma sendi Fjármálaeftirlitið mál sem varða sjóðinn til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Rannsókn saksóknara beinist að meintum brotum sem eiga að hafa átt sér stað á fyrri hluta árs 2008 og varða skýrsluskil og brot gegn 36 gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Umsjónarmaður Kjarar lífeyrissjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2009.



Viðar Lúðvíksson, hrl

skipaður umsjónaraðili Kjarar lífeyrissjóðs skv. 46. gr. laga nr. 129/1997.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Kjalar - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjalar lífeyrissjóðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og á skýringu 10 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þá óvissu sem er í mati á verðbréfaeign sjóðsins. Þessi óvissa getur leitt til þess að lífeyrisgreiðslur sjóðsins geti í framtíðinni orðið aðrar en gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegum útreikningum.

Reykjavík, 29. apríl 2009.

KPMG hf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld:			
Réttindaflutningur	(601)	(1.847)
Sérstök aukaframlög		0	144.341
	(601)	142.494
Lífeyrir:			
Lífeyrir	11	553.378	475.551
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	(676)	(705)
		552.702	474.846
Fjárfestingatekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	5	7.786	5.072
Vaxtatekjur og gengismunur	6,12	584	871.583
Niðurfærsla verðbréfa	18	(1.562.814)	(2.393)
		(1.554.444)	874.262
Fjárfestingagjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13	6.735	9.111
Vaxtagjöld		200	245
Önnur fjárfestingagjöld		633	2.511
	8	7.568	11.867
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8,13-14	3.317	4.487
Hækkun á hreinni eign á árinu	(2.118.632)	525.556
Hrein eign frá fyrra ári		10.123.620	9.598.064
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	25	8.004.988	10.123.620

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum		4.361.031	8.378.980
Verðbréf með föstum tekjum		1.348.819	1.582.412
Veðlán		58.544	62.975
Bundin innlán		2.151.527	0
	7,15-20	<u>7.919.920</u>	<u>10.024.367</u>
Kröfur:			
Aðrar kröfur	21	<u>97.973</u>	<u>52.327</u>
Aðrar eignir:			
Sjóður og veltiinnlán		<u>59.171</u>	<u>71.932</u>
Skuldir:			
Fyrirfram innheimtar tekjur		5.554	5.870
Ýmsar skuldir	22	<u>66.522</u>	<u>19.136</u>
		<u>72.076</u>	<u>25.006</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	25	<u>8.004.988</u>	<u>10.123.620</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2008

	2008	2007
Inngreiðslur:		
Iðgjöld	0	147.581
Fjárfestingartekjur	185.297	113.590
Afborganir verðbréfa	309.867	190.704
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	8.443.779	5.630.093
Seld verðbréf með föstum tekjum	368.263	820
	<u>9.307.205</u>	<u>6.082.788</u>
Útgreiðslur:		
Lífeyrir	555.424	469.907
Fjárfestingargjöld	200	245
Rekstrarkostnaður	10.397	24.757
	<u>566.021</u>	<u>494.909</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	8.741.185	5.587.879
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	6.113.727	5.219.226
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	488.692	305.757
Bundin innlán	2.151.527	0
	<u>8.753.946</u>	<u>5.524.983</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	(12.761)	62.896
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>71.932</u>	<u>9.036</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>59.171</u>	<u>71.932</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Kjölur lífeyrissjóður er samtryggingarsjóður sem varð til á árinu 2007 við samruna 5 lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóðs Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóðs Flugvirkja, Lífeyrissjóðs starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóðs Eimskipafélags Íslands, deild I. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Sjóðurinn hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum og tekur ekki nýjum iðgjöldum.

Þann 17. mars 2009 vék Fjármálaráðherra stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins frá tímabundið með vísan í 46. gr. laga nr. 129/1997 og skipaði Viðar Lúðvíksson hrl. umsjónaraðila með sjóðnum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

2. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu nr.10.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

5. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

6. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

7. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skýringar, frh.:

7. Frh.

Verðbréf með breytilegar tekjur eru eignfærð á markaðsverði í árslok ef um skráð verðbréf er að ræða, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum sem hafa fasta vexti eru eignfærð miðað við þá ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtamiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda tiltekið vaxtaviðmið.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni að teknu tilliti til niðurfærslu vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

9. Afleiðusamningar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins. Samningarnir eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

10. Verðbréf með föstum og breytilegum tekjum

Við fall bankanna varð markaður með innlend skuldabréf nánast óvirkur hvað varðar önnur bréf en ríkisskuldabréf. Útgefendur ýmissa skráðra skuldabréfaflokka hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta, aðrir hafa óskað eftir greiðslustöðvun og nokkrir hafa óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa hafa verðbréf sjóðsins verið færð niður um 1.561 millj. kr., þar af eru 1.484 millj. kr. vegna skuldabréfa fyrirtækja, sem bæði eru í beinni eign sjóðsins og í gegnum innlenda skuldabréfasjóði, og nemur niðurfærslan 53,5% af bókfærðu verði þeirra bréfa. Takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi í sumum tilvikum um þessar eignir og óvissan varðandi mat á þeim því meiri en ella. Endanleg niðurstaða um verðmæti eignanna kann því að verða önnur en gert er ráð fyrir í þessu uppiðri.

Lífeyrir

11. Greiddur lífeyrir:

	2008	2007
Ellilífeyrir	396.610	345.099
Makalífeyrir	121.078	100.664
Örorkulífeyrir	39.063	31.264
Barnalífeyrir	278	550
Framlag til jöfnunar á lífeyrisbyrði	(4.327)	(2.731)
	<u>552.702</u>	<u>474.846</u>

Fjárfestingatekjur

12. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Skuldabréf	226.740	153.495
Hlutdeildarskírteini	(207.457)	621.117
Skiptasamningar	(67.881)	78.448
Aðrar vaxtatekjur	49.183	18.523
	<u>584</u>	<u>871.583</u>

Skýringar, frh.:

Rekstrarkostnaður

	2008	2007
13. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Umsýsluþóknun	4.815	4.138
Endurskoðun	1.083	2.805
Tryggingafræðingur	1.866	1.479
Árgjald LL	311	388
Fjármálaeftirlitið	1.467	3.755
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	456	962
Ýmis kostnaður	55	71
	<u>10.052</u>	<u>13.598</u>
Fært á fjárfestingagjöld	(6.735)	(9.111)
	<u>3.317</u>	<u>4.487</u>
Laun stjórnarmanna á árinu sundurliðast þannig:		
Haraldur Haraldsson, formaður stjórnar	60	105
Bjarni Þórðarson	50	95
Einar Marinósson	20	0
Georg Árnason	40	19
Gunnar Jónsson	60	29
Gunnar Páll Pálsson	20	25
Hálfván Hermannsson	60	100
Ingi Stefán Ólafsson	40	10
Kristján Tryggvason	60	100
	<u>410</u>	<u>483</u>
14. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:		
Endurskoðun og gerð ársreiknings	866	2.244
Gerð reikningsskila og önnur þjónusta	217	561
	<u>1.083</u>	<u>2.805</u>

Fjárfestingar

15. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutir í öðrum félögum:

Straumur Burðarás fjárfestingabanki hf.	826	0
Marel hf.	757	10.200
Státtak hf. (óskráð)	119	119
Eignarhaldsfélag Lífeyrissjóða um Verðbréfabing ehf. (óskráð)	49	49
Landsbanki Íslands hf.	0	72.598
Bakkavör Group hf.	0	71.487
Kauping banki hf.	0	65.648
Össur hf.	0	55.119
Hf. Eimskipafélag Íslands	0	17.350
Skráð erlend hlutafélög	0	30.230
Óskráð erlend hlutafélög	15.655	19.705
	<u>17.406</u>	<u>342.505</u>
Hlutdeildarskírteini:		
Innlendir sjóðir með skuldabréfum	3.511.375	6.069.509
Erlendir sjóðir með skuldabréfum	0	1.245
Innlendir sjóðir með hlutabréfum	44.848	521.048
Erlendir sjóðir með hlutabréfum	787.401	1.444.673
	<u>4.343.625</u>	<u>8.036.475</u>
Bókfært verð samtals	<u>4.361.031</u>	<u>8.378.980</u>

Skýringar, frh.:

	2008	2007	
16. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:			
Skuldabréf með ríkisábyrgð	817.228	369.665	
Skuldabréf sveitarfélaga	59.371	57.675	
Skuldabréf lánastofnanna	127.222	559.340	
Skuldabréf fyrirtækja	344.998	595.732	
	<u>1.348.819</u>	<u>1.582.412</u>	
17. Veðlán greinast þannig:			
Lán til sjóðfélaga	58.544	39.344	
Önnur veðlán	0	23.631	
	<u>58.544</u>	<u>62.975</u>	
18. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:			
Niðurfærsla í ársbyrjun	4.108	8.534	
Afskrifuð töpuð lán á árinu	0	(6.819)	
Niðurfærsla ársins	1.562.814	2.393	
Niðurfærsla í árslok	<u>1.566.922</u>	<u>4.108</u>	
Niðurfærslan skiptist þannig:			
Veðskuldabréf	0	2.393	
Innlendum sjóðum með skuldabréf fyrirtækja	1.369.830	0	
Erlend hlutdeildarskírteini	2.416	0	
Skuldabréf fyrirtækja	75.738	0	
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	114.830	0	
Niðurfærsla samtals.....	<u>1.562.814</u>	<u>2.393</u>	
19. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	3.598.566	762.465	4.361.031
Verðbréf með föstum tekjum	1.348.819	0	1.348.819
Veðlán	58.544	0	58.544
	<u>5.005.929</u>	<u>762.465</u>	<u>5.768.393</u>

20. Ávöxtun

Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2008, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raunávöxtun	Viðmið*
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,7%	4,7%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	(0,3%)	4,7%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	(52,9%)	4,7%
Hlutabréf, innlend	(82,8%)	(95,2%)
Önnur verðbréf	(58,1%)	4,7%

*Viðmið:

Markflokkar ríkisskuldabréfa með 5 ára meðaltíma.
Hlutabréf í Kauphöll Íslands.

Kröfur

	2008	2007
21. Aðrar kröfur greinast þannig:		
Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga	0	52.241
Krafa á viðskiptamenn	97.973	86
	<u>97.973</u>	<u>52.327</u>

Skýringar, frh.:

Skuldir

	2008	2007
22. Skuldir greinast þannig:		
Óupgerð viðskipti	48.404	0
Áfallin gjöld vegna framvirkra samninga	4.320	3.822
Fyrirfram innheimtar tekjur	5.554	5.870
Aðrar skuldir	13.798	15.314
	<u>72.076</u>	<u>25.006</u>

Skuldbindingar

23. Framvirkir samningar greinast þannig:		
Gjaldmiðlaskiptasamningar:		
Eignir í íslenskum krónum	0	954.138
Skuldir í erlendri mynt	0	905.719

24. Lífeyrisskuldbinding

Gerð hefur verið tryggingafræðileg áætlun um fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2008. Samkvæmt henni námu skuldbindingar sjóðsins 12.345 millj. kr. miðað við 3,5 % ársvexti, en í árslok 2008 nam endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris 10.799 millj. kr. Skuldbinding sjóðsins greinist þannig:

Ellilífeyrir	9.000.469
Makalífeyrir	494.915
Örorkulífeyrir	2.642.046
Barnalífeyrir	390
Dánarbætur	199.696
Rekstrarkostnaður	7.176
	<u>12.344.692</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	8.004.988
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	674.588
Fjárfestingagjöld	(103.430)
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	<u>8.576.146</u>
Hrein eign umfram skuldbindingar	(3.768.546)
Hrein eign umfram skuldbindingar í %	(30,5%)

Skýringar, frh.:

25. Kennitölur

Sjóðurinn er lokaður fyrir almennum iðgjaldagreiðslum. Vegna þess eru ekki birtar kennitölur fyrir lífeyrisbyrði, kostnað í hlutfalli af iðgjöldum, kostnað á hvern virkan sjóðfélaga og fjölda virkra sjóðfélaga eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Ávöxtun sem sýnd er fyrir árin 2004 til 2006 er meðalávöxtun þeirra sjóða sem sameinuðust.

	2008	2007	2006	2005	2004
Raunávöxtun	(27,7%)	3,1%			
Hrein raunávöxtun	(27,7%)	3,1%	6,4%	10,3%	11,2%
Hrein nafnávöxtun	(15,9%)	9,2%			
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár	(0,5%)	7,9%	8,3%	7,0%	4,7%
síðastliðin tíu ár	2,1%	6,4%			
Rekstrarkostnaður					
í hlutfalli af eignum	0,07%	0,05%			
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	54,9%	69,4%			
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,2%	14,2%			
Skráð verðbréf með föstum tekjum	16,9%	12,4%			
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	0,2%	3,4%			
Veðlána, óskráð	0,7%	0,6%			
Bundin innlán	27,2%	0,0%			
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	86,8%	85,2%			
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	13,2%	14,8%			
Fjöldi lífeyrisþega	796	772			
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eilífeyrir	71,0%	72,7%			
Örorkulífeyrir	21,9%	6,0%			
Makalífeyrir	7,1%	21,2%			
Barnalífeyrir	0,1%	0,1%			
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar-skuldbindingar	(30,5%)	0,1%			
Skilgreiningar:					
1. Hrein raunávöxtun			Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum.		
2. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar			Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm og tíu ára tímabili.		
3. Kostnaður í hlutfalli af eignum			Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok.		
4. Fjöldi sjóðfélaga			Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.		
5. Fjöldi lífeyrisþega			Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.		